

D ó m s o r ð :

Stefndi, Landsvirkjun, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna Vélstjórafélags Íslands, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 150.000,00 í málskostnað, þar með talinn söluskatt.

Fimmtudaginn 30. nóvember 1989.

Nr. 6/1989.

Alþýðusamband Íslands f.h.
Alþýðusambands Vestfjarða vegna
Verkalýðsfélags Patreksfjarðar

(Arnmundur Backman hrl.)

gegn

Útvegsmannafélagi Vestfjarða
vegna Vestra h/f og Patreks h/f

(Jónas Haraldsson hdl.).

Kjarasamningur. Hásetar.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms 21. nóvember sl., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, birtri 16. september sl.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Alþýðusambands Vestfjarða vegna Verkalýðsfélags Patreksfjarðar.

Stefndi er Útvegsmannafélag Vestfjarða vegna Vestra h/f og Patreks h/f á Patreksfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að réttur sé sá skilningur stefnanda á 2. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 2. gr. kjarasamnings aðila frá 1. janúar 1987, sbr. kjarasamning 1. júní 1989, að stefnda beri á landróðrabátum, er veiða með línu eða í net, að bæta við einum háseta, þegar afli er slægður um borð, og öðrum háseta, þegar afli er ísaður í kör eða kassa, og hækki þá skiptaprósenta um 2,1 fyrir hvorn mann, sem umfram er.
2. Að dæmt verði, að réttur sé sá skilningur stefnanda á 10. gr. d. í sama kjarasamningi málsaðila, að aukagreiðsla sú, er um getur í greininni, skuli innt af hendi óskipt til hvers háseta, er á sjó fer í landróðrabátum til línuveiða.

Stefnandi krefst og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum hæfilegan málskostnað að mati dómsins.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að málsaðilar hafi gert með sér kjarasamning, síðast hinn 1. janúar 1987, og framlengdu hann 1. júní 1989.

Um 1. lið dómkröfu:

Í 2. mgr. 1. gr. samningsins og 2. mgr. 2. gr. er eftirfarandi ákvæði:

„Þegar afli er slægður um borð og/eða ísaður í kör eða kassa, skal bæta við einum eða tveimur hlutaráðnum mönnum og hækkar skiptaprósenta þá um 2,1 fyrir hvorn mann, sem umfram er.“

Upphaf þessa máls má rekja til þess, þegar farið var að slægja fiskinn um borð í dagróðrabátum. Var þá einum manni bætt við áhöfnina. Nokkrum árum síðar var farið að raða fiskinum í kassa eða kör, og var þá bætt við enn öðrum háseta. Í kjarasamningi málsaðila frá 1984 var síðan gengið frá þessari skipan með áður-greindum ákvæðum samningsins.

Stefnandi hefur alltaf túlkað 2. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 2. gr. kjarasamningsins á þann veg, að sé afli slægður um borð skuli bæta við einum manni, en tveimur, sé frá honum gengið í kör eða kassa, enda aukist vinna verulega um borð af þessum sökum og hækki þá skiptaprósentan um 2,1 fyrir hvorn mann, sem umfram er. Hins

vegar hefur lítið á umrætt ákvæði reynt, þar sem venjan er sú, að einn háseti er á landróðrabátum. Með nýjum veiði- og verkunar- aðferðum á síðari árum, slægingu um borð og afli ísaður í kör, er hins vegar kominn upp ágreiningur um þessa túlkun. Stefndi hefur ekki viljað fallast á framangreinda túlkun stefnanda, en hagað framkvæmdinni þannig að skipta einum viðbótarhlut á milli sjómanna á línunni, en tekið hann af, þegar veitt er í net. Hins vegar telur stefndi og túlkar ákvæðið þannig, að það sé á hans valdi að ákveða, hvort bæta skuli við einum eða tveimur skipverjum við slæginu aflans eða ísun.

Í desember 1987 og janúar 1988 var alvarleg vinnudeila á Patreksfirði vegna ágreinings um uppgjör. Hinn 12. janúar 1988 náðu aðilar samkomulagi um túlkun þessara ákvæða í 1. og 2. gr. kjarasamningsins. Gildistími samkomulagsins var til 15. mars sama ár, og skuldbundu aðilar sig til þess fyrir þann tíma að gera með sér sérstakt samkomulag um þessi atriði. Það samkomulag náðist ekki, en í samningnum frá 12. janúar er fallist á túlkun stefnanda.

Um 2. lið dómkröfu:

Í d-lið 10. gr. kjarasamnings aðila segir:

„Á landróðrabátum, er veiða með línu, skal háseti sá, er á sjó fer, fá auk umsaminna launa kr. 6.305,- á mánuði eða 12,5% aukahlut, ef hann reynist hærri.“

Framangreint ákvæði er margra áratuga gamalt í kjarasamningum málsaðila, og orðalag hans tekur af því mið, að lengst af var aðeins einn háseti á landróðrabátum. Þegar tekin var upp sú regla á landróðrabátum að slægja afla um borð og ísa hann í kör eða kassa, hafði sú breyting það í för með sér, að hásetum var fjölgað á hverju skipi, svo að nú eru þeir a.m.k. 2, en ættu að vera 3 á hverju skipi, ef farið væri eftir ákvæðum 2. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 2. gr. kjarasamningsins. Við þessa breytingu felldi stefndi niður aukagreiðsluna samkvæmt d-lið 10. gr. með þeim rökum, að samkvæmt orðanna hljóðan ætti „háseti sem á sjó fer“ að fá hlutinn, en ekki „hásetar sem á sjó fara“.

Stefnandi telur túlkun stefnda á þessari grein ranga og út í hött. Samkomulag hefur hins vegar ekki náðst vegna þessa ágreinings, og eru málsaðilar þess vegna sammála um að leita úrskurðar Félagsdóms.

Málsástæður stefnda.

1. Mannfjöldinn, þegar aflinn er slægður og/eða ísaður í kör eða kasa.

Með bréfi dags. 25.5. 1984 lagði Verkalýðsfélag Patreksfjarðar fram kröfugerð sína í 11 tölusettum liðum vegna væntanlegra samningaviðræðna milli aðila máls þessa, þ.e. ASV og ÚV.

Annar töluliður kröfugerðarinnar hljóðaði svo:

„Þegar fiskur er slægður og ísaður um borð í landróðrabát, skal fjölga hásetum um tvo og greiðir útgerðarmaður þann aukakostnað að fullu, jafnframt og öðrum skipverjum.“

Í þessari kröfu kemur fram, að verkalýðsfélagið ætlaðist til þess, að þegar bæði er slægt og ísað, skuli skylt að hafa tvo háseta á skipi. Þetta er einnig sú krafa, sem verkalýðsfélagið er að reyna að fá fram í þessu dómsmáli.

Á þessa kröfugerð féllust útgerðarmenn á Vestfjörðum ekki, sbr. ákvæðið eins og það var samþykkt með samningi dags. 14. júní 1984 og er óbreytt í dag. Ákvæðið hljóðar svo:

„Þegar afli er slægður um borð og/eða ísaður í kör eða kassa, skal bæta við *einum eða tveimur* hlutaráðnum mönnum, og skiptaprósentan hækkar þá um 2,1% fyrr hvorn mann, sem umfram er“.

Eins og berlega kemur fram af orðalaginu, hefur skipstjórinn val um það, hvort hann hefur einn eða tvo háseta, enda út í hött að láta mannfjölgun vera sjálfkrafa, þótt ísað sé.

Hvort fjölga þarf um einn eða tvo, þegar slægt er og/eða ísað, fer allt eftir atvikum, svo sem, hvort mikið eða lítið fiskast, hvort mannskapurinn er vanur eða ekki, hvernig viðkomandi skip er útbúið fyrir kassa eða kör eða starfsaðstaðan er um borð; Hvort aflinn fari á erlendan markað eða í vinnslu í landi, hvort heldur notuð eru kör eða kassar, en kassar skapa miklu meiri vinnu en kör, hvort raðað er í körin eða ekki, hvort verið er að veiða í salt eða frystingu, þar sem örlitlum ís er stráð á fisk, sem salta á, svo að fiskholdið stirðni ekki, eða hvort fiskurinn er kafísaður í kassa eða kör til e.t.v. margra daga geymslu, áður en hann er unninn í frystingu.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á þeirri grundvallarreglu vinnuréttar um túlkun kjarasamninga, að séu samningsaðilar ekki sam-

mála um annað, skuli túlka texta viðkomandi kjarasamningsákvæðis eftir orðanna hljóðan. Sé það stefnanda eins að sanna það, ef hann telur merkingu ákvæðisins eiga að vera aðra en skýrt segir til um orðalagið. Það hafi honum ekki tekist.

Stefndi leggur áherslu á, að þekkt sé, að einstök útgerðarfyrirtæki geri betur á einhverjum sviðum við sjómenn, en kjarasamningar áskilja. Hraðfrystihús Norurtanga h/f, Ísafirði, geri út bæði togara, Guðbjart, ÍS 16, og línubáta. Í kjarasamningsviðræðum á Vestfjörðum, a.m.k. þeim, sem undirritaður hefur tekið þátt í, hafa hásetar á línubátum félagsins gert kröfur um hærra kaup og kjör og borið sig saman við háseta á togaranum, sem hafa mun hærri tekjur. Þar sem erfitt geti verið að manna línubátana vegna lakari tekjumöguleika, þá sé ekki óeðlilegt, að fyrirtækið borgi betur en kjarasamningar segja til þess að jafna aðstöðumuninn varðandi tekjumöguleika á togara fyrirtækisins og línubátum. Slíkar yfirborganir einstakra útgerðarfyrirtækja breyti engu um gildi ákvæðis kjarasamnings eða geri þau marklaus. Haldi kjarasamningsákvæðin sínu fulla gildi, þótt einhverjir bjóði betur en kjarasamningarnir segi til um.

2. Um skyldu til greiðslu aukabókunnar til háseta á línubátum, hvort heldur einn eða fleiri eru í höfn.

Á sama hátt og áður sagði um 1. lið hér að framan, byggir stefndi sýknukröfu sína á þeirri grundvallarreglu vinnuréttar um túlkun kjarasamninga, að séu samningsaðilar ekki sammála um annað, skuli túlka texta viðkomandi kjarasamningsákvæðis eftir orðanna hljóðan. Telji annar aðilinn, að túlka beri ákvæðið á annan veg en skýrt orðalagið segir til um eftir almennri málvenju, þá sé það hans eins að sanna, að samningsákvæðið eigi að skiljast á annan veg. Það hafi honum ekki tekist. Væri skilningur stefnanda réttur, hlyti ákvæðið að vera orðað svo:

„Á landróðrabátum, er veiða með línu, *skulu hásetar þeir, er á sjó fara*, fá auk umsaminna launa kr. 6.305,- á mánuði eða 12,5% aukahlut, ef hann reynist hærri.“

Stefndi mótmælir sérstaklega yfirlýsingu þáverandi formanns stefnda, Útvegsmannafélags Vestfjarða, dags. 24.6. 1987, sem rangri.

Sérstaklega aðspurður af undirrituðum hefur hann enga skýringu getað gefið á þessari yfirlýsingu sinni, þ.e. á hvaða forsendum hún

er byggð eða á hvaða rökum. Virðist yfirlýsingin nánast etin upp eftir yfirlýsingu forseta stefnanda ASV, dags. 30.4. 1987, í því skyni að kaupa frið í málaflokki, sem eru ekki á útgerðarsviði fyrrum formanns stefnda.

Í því sambandi skal bent á það sérstaklega, að Guðmundur Guðmundsson, fyrrum formaður Útvegsmannafélags Vestfjarða, gerir ekki út línubát, heldur togarann Guðbjörgu ÍS 46. Í kjarasamningaviðræðum á Vestfjörðum ræða útgerðarmenn togara við togarsjómenn um þeirra sérkröfur og sérmál, en útgerðarmenn línubáta ræða eingöngu við skipverja á línubátum um þeirra sérkröfur og sérmál. Sé aftur á móti um sameiginleg mál sjómanna að ræða, eru þær kröfur ræddar sameiginlega með þátttöku allra aðila.

Þá þykir rétt vegna málatilbúnaðar stefnanda að fjalla um rökstuðning hans og forsendur fyrir hans skilningi á túlkun ákvæðisins, þótt þá skipti ekki niðurstöðu máls þessa neinu að mati undirritaðs.

Stefndi mótmælir því sem röngu, að skilningur stefnanda sé réttur, að verið sé að jafna aðstöðumun háseta á sjó og í landi, en á því byggir hann kröfu sína. Engar nánari skýringar hefur hann þó sett fram máli sínu til stuðnings um þennan kröfulið.

Rétt þykir þó að geta þess hér, að sambærileg ákvæði eru í gr. 2.10., 1. mgr., í kjarasamningum SSÍ og LÍÚ, sem hljóðar svo: „Háseta á landróðrabát á línuveiðum skal greiða auk eins hlutar kr. 5.298,- á mánuði í laun.“

Þetta ákvæði þýðir, að sé aðeins einn háseti um borð, þá fær hann kaupauka, aukabóknun, sem er hugsuð sem uppbót til eina mannsins um borð, sem ekki hefur aukahlut, því að hinir eru skipstjóri, stýrimaður, tveir vélstjórar og matsveinn. Tók hann gjarnan þá baujuvaktina á staðnum.

Séu hásetar aftur á móti tveir eða fleiri, er forsenda brostin fyrir því að greiða uppbót þessa frekar en á öðrum veiðum, þar sem hásetar eru tveir eða fleiri. Um þennan skilning hefur aldrei verið ágreiningur annars staðar á landinu, þótt orðalagið í kjarasamningi SSÍ og LÍÚ sé ekki jafnafráttarlaust og hið vestfirska ákvæði í gr. 10., d-lið, sem tekur af öll tvímæli um það, að þar er eingöngu átt við einn háseta, þegar rætt er um aukahlut.

Þá eru dæmi þess, að fjölgi úr einum háseta í tvo, að útgerðarmaður hafi ekki fellt þessa aukabóknun niður, heldur hafi hann skipt henni milli beggja hásetanna að jöfnu, ekki viljað fella hana

niður, þótt fjölgaði um háeta, fyrst hann hefði hvort sem er áður borgað hana.

III.

Fyrsti liður dómkröfu stefnanda lýtur að túlkun þessa ákvæðis í kjarasamningi aðila:

„Þegar afli er slægður um borð og/eða ísaður í kör eða kassa, skal bæta við einum eða tveimur hlutaráðnum mönnum og skipta-prósentan hækkar þá um 2,1% fyrir hvorn mann, sem umfram er.“

Fallast ber á með stefnda, að orðalag ákvæðisins beri með sér, að skipstjóri eða útgerðarmaður hafi val um það, hvort bætt er við einum háseta eða tveimur við þær aðstæður, er í ákvæðinu greinir. Verður krafa stefnanda um þennan lið því ekki tekin til greina.

Annar liður dómkröfu stefnanda lýtur að túlkun þessa ákvæðis kjarasamningsins:

„Á landróðrabátum, er veiða með línu, skal háseti sá, er á sjó fer, fá auk umsaminna launa kr. 6.305,- á mánuði eða 12,5% auka-hlut, ef hann reynist hærri.“

Með hliðsjón af því, sem fram er komið í málinu, verður að túlka ákvæði þetta á þá lund, að átt sé við hvern þann háseta, er á sjó fer, án tillits til þess, hvort um einn eða fleiri háseta er að ræða á sama báti. Ber því að fallast á þennan lið kröfu stefnanda.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn málskostnað.

D ó m s o r ð:

1. Krafa stefnanda um skilning á 2. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 2. gr. í kjarasamningi aðila er ekki tekin til greina.
 2. Viðurkennt er, að aukagreiðsla sú, er um getur í 10. gr. d í kjarasamningi aðila, skuli innt af hendi óskipt til hvers háseta, er á sjó fer á landróðrabátum til línuveiða.
- Málskostnaður fellur niður.
-